

Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík  
Reykjavík.

Reykjavík 07. desember 2010  
Tilvísun 2010010028/7.7/EP/--

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 139/1053*  
*komudagur 20.12.2010*

### Efni: Frumvarp til laga um stjórn vatnamála


Vísað er til erindis dags. 6. desember 2010 um ofangreint mál.

Brunamálastofnun kom á sínum tíma á framfæri athugasemdum við tillögu að frumvarpi dags. 18.11.2009 sem sent var til Umhverfisstofnunar þann 8.1.2010. Í þskj. 344 hefur að mestu leyti hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda. Aðkoma Brunamálastofnunar að þessum málum er fyrst og fremst vegna starfssemi slökkviliða hvað varðar vatn til slökkvistarfa og vatns fyrir slökkvikerfi í byggingum. Vatnstaka er aðallega úr neysluvatnsveitum en einnig úr ám, vötnum eða sjó.

Notkun slökkviliðanna á vatni er neyðarnotkun, og mikilvægt að þessi væntanlegu lög takmarki ekki möguleika slökkviliðanna á notkun vatns sem er aðalslökkvimiðill þeirra. Einnig er mikilvægt að kostnaðarauki sveitarfélaganna/eigenda mannvirkja við mögulega upphreinsun slökkvivatns og slökkvimiðla sé hafður í huga. Slökkviliðin eru mjög meðvituð um mengun frá slökkvivatni og taka tillit til þess í störfum sínum.

Brunamálastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

  
Guðmundur Gunnarsson  
yfirverkfræðingur